

**38. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-
valdanna á Íslandi, um kennslubók í sögu handa
hinum lærða skóla í Reykjavík.**

1863.

30. maím.

Með bréfi 25. febrúarm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað tvær bænarskrár, aðra frá Páli Melsted, settum málaflutningsmanni við landsyfírréttinn, um að íslenzk þýðing á kennslubók Bohrs í mannkynssögunni, sem hann hefir byrjað á, verði útgefin á kostnað hins lærða skóla í Reykjavík og síðan notuð við sögukennsluna í skólanum í staðinn fyrir bók þessa á frummálinu, og að sér verði veitt hæfileg borgun fyrir starfa sinn, — hina frá Jens Sigurðssyni, yfirkennara við skólann, um að honum verði veittir 200 ríkisdalir í ritlaun fyrir frumritaða kennslubók í gömlu sögunni handa skólanum, sem hann er farinn að semja og styðst við áðurgreinda kennslubók Bohrs.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það hlutadeigendum, að stjórnarráðið ekki getur tekið til greina bænarskrá Melsteds, sem að ofan er getið, en þegar handritið til hinnar nýju kennslubókar, sem Jens Sigurðsson yfirkennari hefir byrjað á, sé fullbúið, þá megi hann gjöra sér von um, að honum verði veittur hæfilegur fæstyrkur, ef skólameistarinn, ásamt tveim öðrum mönnum, er skyn bera á, og sem yður skal á hendur falið að kveðja til þess, álíta að handritið sé svo úr garði gjört, að bókin geti náð tilgangi sínum; en þér eruð beðnir um að stinga uppá, þegar þar að kemur, hve mikill styrkur þessi eigi að vera.

**39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Havsteins amt-
manns¹, um undanfærslu manns að taka við bæjar-
fulltrúakosning á Akureyri.**

30. maím.

Kjörstjórnin, er stýrði hinni almennu bæjarfulltrúakosning á Akureyri, hefir í meðfylgjandi bréfi með fylgiskjali leitað úr-

¹) Havstein amtmaður var þá staddur í Kaupmannahöfn.

1863.
30. maím.

skurðar um, hvort E. Möller, verzlunarmaður þar í kaupstaðnum, hafi eptir reglugjörð 29. ágústm. 1862 3. grein rétt til að skorast undan að taka móti kosning, er hann varð fyrir, til bæjarfulltrúa á Akureyri. Með því hinn setti amtmaður í norður- og austurumdæminu var sjálfur í kjörstjórninni, og fyrir þá sök eigi gat leyst úr spurning þessari, hefir hann í bréfi 18. f. m., er hér með fylgir, skotið málefni þessu til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar.

En þaræð það er hlutaðeigandi amtmaður, sem eptir ákvörðuninni í 10. grein reglugjörðarinnar á að skera úr um málefni þetta, þá sendir stjórnarráðið yður, herra amtmaður, skjöl málsins, til þess þér leggið úrskurð á það.

8. júním.

40. Konungleg Auglýsing til Alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1861.

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi á Voru landi Íslandi kveðju Guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1861, höfum Vér sæð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitast við að efla Vort gagn og hag landsins.

Vér höfum vandlega látið fhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1861, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vér nú skýra hér í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið.

I.

Um þegnleg álitismál, sem komin eru frá alþingi.

Þessar réttarþætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vér höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Reglugjörð 29. ágústm. 1862 um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.

2. Opíð bréf s. d., er lögleiðir á Íslandi lög 21. janúar-mánaðar 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum.